



4. Landsmót UMFÍ 50+ Íþróttta- og heilsuhátíð!

Húsavík 20.–22. júní 2014

Á aldarafmælisári Héraðssambands Þingeyinga verður haldið landsmót á Húsavík fyrir alla 50 ára og eldri. Okkur langar að fjölga í þeim hópi sem tekur þátt í mótinu, sér og öðrum til skemmtunar. Fjölmargar keppnisgreinar eru í boði, svo og skemmtidagskrá – sjá www.umfi.is

Haldinn verður kynningar- og spjallfundur
á Grænatorgi í Íþróttahúsinu á Húsavík
mánudaginn 2. júní kl. 19:30

**Allir sem hafa hug á því að keppa á þessu landsmóti í sumar
eru hvattir til að mæta.**

Afhentir verða HSD-bolir og HSD-jakkar verða til sölu – bæði bolir og jakkar eru merkt ártölum aldarafmælis.

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

18. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 28. maí 2014

Afmælisbörn dagana 29. maí — 4. júní 2014

29. Arngrímur Geirsson, Bergþóra Eysteinsdóttir, Bjarnfríður Valdimarsdóttir.
31. Claudia Nicole Jakobs, Þórarinn Böðvarsson.
1. Friðjón Jóhannsson, Ólafur Þ. Stefánsson.
2. Ásdís Erla Jóhannesdóttir, Hildur Jónsdóttir.
3. Guðrún Benediktsdóttir, Júlíus Gunnar Björnsson.



Skólaslit.



Skólaslit Reykjavíðarskóla og Tónlistarskóla Mývatnssveitar
verða föstudaginn 30. maí kl. 17:00.

Allir velkomnir.

Skólastjóri



Frá Íþróttamiðstöð.



Lokað verður fimmtudaginn 29. maí, uppstigningardag.

Sumaropnun í sundlaug er frá og með 1. júní.

Opið alla daga milli kl. 10:00 og 21:00.

Mínum á sumarkortin góðu fyrir starfsfólk ferðaþjónustufyrirtækja.

Aðeins 10.000 krónur fyrir sumarið í þreksal og sund.

Kveðja, starfsfólk



Auglýsing frá kjörstjórn Skútustaðahrepps vegna sveitarstjórnarkosninga 31. maí 2014.

Einn listi, H-listi borinn fram af Héðni Sverrissyni Geiteyjarströnd og Birgi Haukssyni Hellu, barst fyrir lok framboðsfrests sem rann út kl. 12 á hádegi laugardaginn 10. maí og var því fresturinn framlengdur um tvo sólarhringa til 12 á hádegi 12. maí.

Ekki höfðu borist fleiri listar er þeim fresti lauk.

Kjörstjórn hefur úrskurðað þennan eina lista gildan og er hann því sjálfkjörinn og verða engar kosningar í Skútustaðahreppi 31. maí n.k.

Ný sveitarstjórn Skútustaðahrepps sem tekur við 15 dögum eftir kosningar er því skipuð eftirtöldum einstaklingum af H-lista:

Aðalmenn:

1. Yngvi Ragnar Kristjánsson, framkvæmdastjóri, Skútustöðum 2c
2. Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, hálendisfulltrúi, Grímsstöðum 1
3. Sigurður Böðvarsson, bóndi, Gautlöndum 1
4. Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir, framkvæmdastjóri, Birkihrauni 9
5. Friðrik Jakobsson, framkvæmdastjóri, Álftagerði

Varamenn:

6. Helgi Héðinsson, framkvæmdastjóri, Geiteyjarströnd 1
7. Elísabet Sigurðardóttir, móttökustjóri, Reykjahlíð 4
8. Arnheiður Rán Almarsdóttir, framkvæmdastjóri, Grímsstöðum 4
9. Anton Freyr Birgisson, nemi/leiðsögumaður, Skútahrauni 2
10. Böðvar Pétursson, bóndi/starfsm. Landsv., Baldursheimi 4

25. maí 2014
Kjörstjórn Skútustaðahrepps,
Finnur Baldursson (sign)
Friðrik Lange (sign)
Edda Stefánsdóttir (sign)

Sumarið er komið!



crater.is



Mývatnsmaraðon.

Nú er um að gera að skella sér í hlaupaskónna og taka þátt í Mývatnsmaraðoni.

Hið árlega Mývatnsmaraðon verður þreytt laugardaginn 7. júní.

Hlaupið hefst og endar í Jarðböðunum við Mývatn.

Keppt verður í maraðoni, ½ maraðoni, 10 km. og 3 km.

Allir sem ljúka keppni fá verðlaunapening, stuttermabol merktan hlaupinu, grillveislu og ókeypis í Jarðböðin við Mývatn.

Einnig verða veitt sérstök útdráttarverðlaun.

Upplýsingar um verð, skráningu og tímasetningar er að finna á www.visitmyvatn.is og hægt verður að skrá sig til leiks fram á keppnisdag.



POWERADE



Kynningarfundur um Mývatnssveit, Jökulsárgljúfur og hálendið.

Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarður boða til kynningarfundar um ferðamannastaði. Fundurinn er öllum opin en verður sérstaklega sniðinn að fólki sem starfar við afgreiðslu og upplýsingagjöf til ferðamanna.

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 5. júní kl 13:00 - 15:00 í Hótel Reykhlíð.

Svæðin sem fjallað verður um eru Mývatnssveit, Jökulsárgljúfur, Askja, Kverkfjöll og hálendið norðan Vatnajökuls.

Fjallað verður um vinsæla áfangastaði, gönguleiðir, ástand aðkomuleiða, landvörslustöðvar, kort og fræðsluefni.

Skráning og nánari upplýsingar hjá david.hansson@ust.is (822-4039) eða hannakata@vjp.is (842-4363).

Sumarkveðja,
Davíð og Hanna Kata



UMHVERFISSTOFNUN



VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR